

Yfirlit

4839. Samkeppniseftirlitið telur að það hafi verið fyrir hendi samfellt ætlað ólögætt samráð Eimskips og Samskípa, frá upphafi NR samráðsverkefnisins í júní 2008 og út rannsóknartímabilið. Visst samráð var fyrir hendi þegar NR samráðsverkefnið hófst.
4840. Talið er að þetta samfellda ætlaða ólögæta samráð Eimskips og Samskípa hafi haft að markmiði að raska samkeppni í skilningi samkeppnisréttarins. Var í aðalatriðum um eftirfarandi aðgerðir að ræða á rannsóknartímabilinu:
- Samráð um breytingar siglingakerfum.
 - Samráð um að takmarka flutningaframboð og samræmingu siglingakerfa.
 - Skiptingu á mörkuðum eftir viðskiptavinum.
 - Skiptingu á mörkuðum eftir landssvæðum á Íslandi.
 - Verðsamráð.
 - Upplýsingagjöf um mikilvæg viðskiptamálefni.
 - Gámasamráð.



- „Evrópusamráðið“ (m.a. „Neyðarsamkomulagið“) sem tók til sjóflutninga með áætlunarsiglingum til og frá öðrum Evrópuríkjum.
 - Norður-Ameríku samráðið sem tók til flutninga í áætlunarsiglingum til og frá Norður-Ameríku.
 - Samstarf í landflutningum (og flutningum með ferjum) á ýmsum flutningaleiðum, auk samstarfs um vöruafgreiðslu o.fl.
 - Samráð í skipaafgreiðslu á Reyðarfirði.
4841. Þrátt fyrir að gögn málsins sýni að á árinu 2013 hafi dregið úr ætlaðri markaðsskiptingu á milli Eimskips og Samskipa, er að frummati Samkeppniseftirlitsins ekki unnt að slá því föstu að hún hafi liðið undir lok. Ljóst er t.a.m. að ætluð markaðsskipting um mikilvæga viðskiptavinum var í gildi á milli Eimskips og Samskipa á gildistíma flutningasamninganna sem gerðir voru á grundvelli ætlaðs samráðs. Sem dæmi má nefna að flutningasamningur við Eimskip gildi til loka ágústmánaðar 2013 og flutningasamningur við Samskip til loka nóvember 2013.
4842. Þá er mikilvægt að því sé haldið til haga að aðrir þættir NR samráðsverkefnisins héldu áfram þrátt fyrir fyrrgreindan óróa í ætluðu samráði. Er því nánar lýst í öðrum köflum þessa andmælaskjals, en nánar tiltekið hélt eftirfarandi ætlað samráð Eimskips og Samskipa áfram a.m.k. út árið 2013:
- Ætlað samráð í sjóflutningum
 - Ætlað samráð í landflutningum
 - Ætlað gámasamráð
 - Ætlað verðsamráð, a.m.k. í formi afsláttarkjara
 - Ætla samráð í hafnarþjónustu

4843. Með hliðsjón af því sem sem liggur fyrir í málinu, á þessu stigi rannsóknarinnar, er það frummat Samkeppniseftirlitsins að Eimskip og Samskip hafi framið mjög alvarleg brot á 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins. Hin ætluðu brot hafi varað í langan tíma og verið framin af ásetningi. Hin ætluðu brot voru mjög umfangsmikil og til þess fallin að valda neytendum og atvinnulífinu miklu tjóni.

Röng og villandi upplýsingagjöf

4844. Fyrirtækjum og stjórnendum þeirra ber lögum samkvæmt að veita Samkeppniseftirlitinu réttar og fullnægjandi upplýsingar. Brot á þessu varðar fyrirtæki stjórnvaldssektum eða refsingu og stjórnendum refsingu.
4845. Við upphaf rannsóknar Samkeppniseftirlitsins veittu stjórnendur Eimskips og Samskipa ýmist ekki upplýsingar um mikilvæg samskipti fyrirtækjanna og/eða bentu Samkeppniseftirlitinu ekki á nauðsynleg gögn. Dæmi eru um að stjórnendur fyrirtækjanna hafi að frummati eftirlitsins veitt rangar upplýsingar eða haldið frá mikilvægum upplýsingum um samskipti við stjórnendur keppinautarins. Að frummati Samkeppniseftirlitsins brutu Eimskip og Samskip með þessari háttsemi alvarlega gegn 19. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ljóst að hefðu nauðsynlegar



upplýsingar komið fram strax á upphafsskrefum rannsóknarinnar hefði það unnið með því að upplýsa mun fyrr um ætluð brot.

4846. Í stað þess að veita allar nauðsynlegar upplýsingar samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga, héldu ætluð brot fyrirtækjanna gegn ákvæðinu áfram eftir því sem rannsókninni vatt fram. Svör Eimskips og Samskipa við upplýsingabelðnum Samkeppniseftirlitsins voru að frummati eftirlitsins ófullnægjandi, óskipulögð og hirðulaus varðandi mikilvæg atriði. Þurfti Samkeppniseftirlitið að þessum sökum að ítreka upplýsingabelðir sínar og minna í því samhengi á þá skyldu sem hvílir á fyrirtækjum samkvæmt 19. gr. laganna. Þá eru sterkar vísbendingar um að Eimskip og Samskip hafi af ásetningi við gagnaöflunina aukinheldur veitt rangar, villandi og ófullnægjandi upplýsingar. Að frummati Samkeppniseftirlitsins er rétt að líta á upplýsingagjöf Eimskips og Samskipa, er varðar atvik sem tengjast ætluðu samráði á landflutningamarkaði og NR samráðsverkefninu, sérstaklega alvarlegum augum.
4847. Við rannsókn þessa máls hafa Eimskip og Samskip jafnframt haldið því fram að félögin hafi áður upplýst Samkeppniseftirlitið um samstarf félaganna, eðli flutningamarkaða og samkeppni á þeim.
4848. Að frummati Samkeppniseftirlitsins höfðu Eimskip og Samskip þvert á móti gefið upp ranga eða villandi mynd af samkeppnisaðstæðum á markaðnum ásamt því að veita ýmist rangar eða ófullnægjandi upplýsingar og gögn um staðreyndir sem þau settu fram.
4849. Fram hafa komið athugasemdir frá Eimskip og Samskipum sem snúa að málshraða rannsóknar Samkeppniseftirlitsins. Með vísan til framangreindrar umfjöllunar um ætluð alvarleg brot Eimskips og Samskipa gegn 19. gr. laganna, skal það ítrekað að stjórnvöld bera ekki ábyrgð á töfum sem verða af völdum aðila máls, t.d. ef aðili dregur að afhenda umbeðin gögn. Þá er ljóst að mál þetta er afar flókið og umfangsmikið. Rannsókn málsins og málsmeðferð hefur hins vegar verið samfelld og í eðlilegu horfi og því hafa athugasemdir fyrirtækjanna um málshraða enga þýðingu að lögum. Með ætluðum brotum Eimskips og Samskipa gegn skyldu þeirra samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga, sem hófst strax í upphafi rannsóknar, hafa fyrirtækin torvelað, og í sumum tilvikum hamlað, framgangi rannsóknarinnar.